

Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
birgir@ry.is
Suðurlandsvegi 1-3,
850 HELLA



Selfoss, 17. desember 2019
Tilvísun: 2019120035 / rmj

Efni: Umsögn vegna deiliskipulagstillögu, Hákot í Rangáþingi ytra

Vegagerðin hefur móttakið til umsagnar deiliskipulagstillögu vegna Hákots í Rangáþingi ytra sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags. 24.06.2019.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi.

Vegagerðin gerir ekki athugasemd varðandi nýja tengingu en mælir með að fjarlægð í næstu tengingu sé að lágmarki 100 m. Skilyrði er að öðrum verði heimilt að nota tenginguna ef t.d. svæðið í kringum veginn byggist upp, þannig að fjölda tenginga á svæðinu verði haldið í lágmarki. Skilyrði þetta komi fram á skipulagsupprætti.

Ef gert er ráð fyrir skráðu lögheimili með fastri búsetu innan skipulagsreitsins getur landeigandi sótt um að vegtenging verði gerð að héraðsvegi að uppfylltum kröfum Vegagerðarinnar til gæða vegarins og að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðar nr. 774/2010.

Virðingarfyllst,


Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar